
ATVINNUREKENDUM ER SKYLT AÐ TRYGGJA STARFSFÓLKI SÍNU ÖRUGGT OG HEILSUSAMLEGT STARFSUMHVERFI. LIÐUR Í ÞVÍ ER AÐ KOMA Í VEG FYRIR EINELTI, KYNFERÐISLEGA ÁREITNI, KYNBUNDNA ÁREITNI OG OFBELDI. MIKILVÆGT ER AÐ BREGÐAST STRAX VIÐ EF SLÍK MÁL KOMA UPP
Kemur Herra Nesti með nestið sitt í poka!
EINELTI:
SÍENDURTEKIN HEGÐUN SEM ALMENNT ER TIL ÞESS FALLIN AÐ VALDA VANLÍÐAN HJÁ ÞEIM SEM FYRIR HENNI VERÐUR, SVO SEM AÐ GERA LÍTIÐ ÚR, MÓÐGA, SÆRA, ÓGNA VIÐKOMANDI EÐA VALDA HONUM ÓTTA. SKOÐANAÁGREININGUR EÐA ÁGREININGUR VEGNA ÓLÍKRA HAGSMUNA FELLUR EKKI HÉR UNDIR.
OFBELDI:
HVERS KYNS HEGÐUN SEM LEIÐIR TIL EÐA GÆTI LEITT TIL, LÍKAMLEGS EÐA SÁLRÆNS SKAÐA EÐA ÞJÁNINGA ÞESS SEM FYRIR HENNI VERÐUR. EINNIG HÓTUN UM SLÍKT, ÞVINGUN EÐA HANDAHÓFSKENNDA SVIPTINGU FRELSIS.
NÆST ENDAR ÞÚ Í FLÖKUNARVÉLINNI
HEFURÐU TEKIÐ EFTIR ÞVÍ HVAÐ ELLI ER MEÐ SJÚKLEGA SEXÍ RASS?
KYNFERÐISLEG ÁREITNI:
HVERS KYNS KYNFERÐISLEG HEGÐUN SEM ER Í ÓÞÖKK ÞESS SEM FYRIR HENNI VERÐUR OG HEFUR ÞANN TILGANG EÐA ÞAU ÁHRIF AÐ MISBJÓÐA VIRÐINGU VIÐKOMANDI, EINKUM ÞEGAR HEGÐUNIN LEIÐIR TIL ÓGNANDI, FJANDSAMLEGRA, NIÐURLÆGJANDI, AUÐMÝKJANDI EÐA MÓÐGANDI AÐSTÆÐNA. HEGÐUNIN GETUR VERIÐ ORÐBUNDIN, TÁKNRÆN OG/EÐA LÍKAMLEG
KYNBUNDIN ÁREITNI:
HEGÐUN SEM TENGIST KYNI ÞESS SEM FYRIR HENNI VERÐUR, ER Í ÓÞÖKK VIÐKOMANDI OG HEFUR ÞANN TILGANG EÐA ÞAU ÁHRIF AÐ MISBJÓÐA VIRÐINGU VIÐKOMANDI OG SKAPA AÐSTÆÐUR SEM ERU ÓGNANDI, FJANDSAMLEGAR, NIÐURLÆGJANDI, AUÐMÝKJANDI EÐA MÓÐGANDI FYRIR VIÐKOMANDI
ÞIÐ KONUR ERUÐ SVO ÓRAUNSÆJAR OG ÞRÆTUGJARNAR!
Jafnréttisstofa
VINNUEFTIRLITIÐ